

**Landsréttur**  
**Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar**  
**Vesturvör 2**  
**200 Kópavogi**

**Reykjavík, 28. nóvember 2025**

**Ákvörðun þóknunar fyrir Landsrétti.**

Lögmannafélagi Íslands hafa borist ábendingar frá félagsmönnum vegna ákvarðana Landsréttar um þóknun til handa skipuðum verjendum og talsmönnum í nýlegum dómum og úrskurðum Landsréttar. Nánar tiltekið er um að ræða ákvörðun þóknunar verjenda í málum nr. 987/2024 og 106/2025 auk ákvörðunar um þóknun skipaðs talsmanns í máli nr. 786/2025. Auk ábendinga sem hafa borist félaginu er félaginu kunnugt um óánægju fjölmargra lögmanna.

Í 1. mgr. 20. gr. laga um lögmann nr. 77/1998 er kveðið á um að lögmanni beri skylda til að taka við skipun sem verjanda eða réttargæslumanni. Réttur til að njóta aðstoðar skipaðs verjanda og eftir atvikum talsmanns eða réttargæslumanns, er órjúfanlegur hluti af réttinum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. einnig 70. gr. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Lögmenn eiga jafnframt rétt á að fá hæfilega þóknun fyrir að rækja þau skyldustörf. Ákvörðun um þóknun verjenda og réttargæslumanna í sakamálum fer m.a. eftir ákvæðum 38. gr., 46. gr. og 233. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og þá er sambærilegar reglur að finna í öðrum sérlögum s.s. 17. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Um ákvörðun þóknunar ber að horfa til reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2025 um þóknun til verjenda og réttargæslumanna o.fl.

Í málum Landsréttar nr. 987/2024 og 106/2025, sem eru hvort tveggja umfangsmikil sakamál, virðist sem dæmd þóknun verjenda hafi verið hækkuð milli dómstiga um sem nemur 100.000 kr. og 340.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskatts, sem samsvarar þá um þremur og tíu klukkustundum af vinnu samkvæmt gildandi viðmiði Dómstólasýslunnar. Enga umfjöllun má finna í dómunum um forsendur ákvörðunar um þóknun verjendanna, t.d. hvort Landsréttur hafi ráðist í heildarendurskoðun á vinnuskýrslum verjenda á báðum dómstigum sem og á rannsóknarstigi eða einvörðungu reist ákvörðun sína á þóknun verjenda fyrir störf á áfrýjunarstigi, en fyrir liggur að tímaskýrslur verjenda voru talsvert hærri en sem því nemur vegna vinnu á áfrýjunarstigi. Hafi Landsréttur talið tilefni til að endurskoða mat héraðsdóms á hæfilegri ákvarðaðri þóknun á lægra dómstigi með þeirri umtalsverðu lækkun sem af því leiddi, svo sem raunin virðist, er vert að benda á, fyrir utan skort á rökstuðningi og að verjendum gæfist kostur á að tjá sig um þetta atriði sérstaklega, að fáheyrt er að dómstólar á áfrýjunarstigi hafi talið tilefni til að lækka tildæmda og þegar greidda þóknun verjenda vegna flutnings máls á lægra dómstigi, hvað þá að virtu því að ákærvaldið, eftir því sem félagið kemst næst, hafði engar athugasemdir við ákvarðaðan málskostnað á lægra dómstigi.

Þá hefur í dómaframkvæmd verið miðað við fasta þóknun vegna kæra ákvarðana í málum sem rekin eru á grundvelli lögræðislaga nr. 71/1997. Sú fjárhæð hefur samsvarað lágmarkspóknun samkvæmt 4. tölul. 1. gr. ofangreindra reglna nr. 1/2025. Frá því viðmiði er vikið með órökstuddum hætti í máli nr. 786/2025 og þess í stað dæmd þóknun sem samsvarar 2 klst. af

vinnu. Þarf ekki að fjölyrða um að rekstur máls af því tagi sem um ræddi, þ. á m. undirbúningur málgagna, tekur að sjálfsögðu meira en 2 klukkustundir.

Lögmannafélag Íslands telur mikilvægt að brugðist sé við athugasemdum og áhyggjum félagsmanna vegna ofangreinds. Óskar Lögmannafélag Íslands eftir fundi með forseta Landsréttar vegna málsins og til að ræða málskostnaðarákvarðanir í víðara samhengi.

Virðingarfyllt,

**F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands.**

---

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.